

Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis

Undirritaður leyfir sér að hvetja Umhverfis-og samgöngunefnd til að afgreiða fljótt og vel tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga og reglna með tilliti til myglusveppa og tjóns af völdum þeirra.

Ástæða þess að ég sendi nefndinni þessa hvatningu er sú að ég er einna f þeim fjölmörgu sem hef lent í tjóni, fjárhagslega og heilsufarslega vegna myglusvepps. Þurfti á síðasta ári að yfirgefa, í átta mánuði, tíu ára gamalt íbúðarhúnsæði mitt vegna raka og myglu. Sú reynsla sem ég hef farið í gegnum vegna þessa varðandi hvernig tekið er á svona málum hér á landi vakti furðu mína. Máttleysi eftirlitsstofna, andvaraleysi og kunnáttuleysi þeirra sem leitað var til kom mér verulega á óvart, í velferðarlandinu Íslandi.

Að vísu slapp ég betur er margir aðrir, sem hafa sagt sínar sögur síðustu mánuðina. Þar sem mér tókst að fá tryggingafélag byggingarstjórans til að bæta mér hluta af tjóninu.

Það sem fram kemur í greinargóðri og yfirgripsmikilli greinargerð með þingsályktunni er ekki of sögum sagt.

Vona ég að nefndin þurfi ekki tvo mánuði til að koma svo mikilvægu máli til afgangslu, þannig að ráðherra geti nú örugglega, á þessu ári, látið hefja störf í anda tillögunnar.

Gangi ykkur vel .



Ómar Einarsson
Framkvæmdastjóri
Íþróttá- og tólmstundasvið Reykjavíkur

Sími 411 5000
omar.einarsson@reykjavik.is www.itr.is · Meðferð tölvupósts / Disclaimer